

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - urðun við Kópasker urðun við Kópasker



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.6.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinnur Karlsdóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - urðun við Kópasker	Eftirlitsmaður	
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Smári Jónas Lúðvíksson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Gunnarsson	Staðsetning	615746,542 649342,948

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram fjögur ný frávík og eitt eldra frávík var staðfest. Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar, s.s. magn úrgangs.
- Takmörkun aðgangs, umgengni á svæðinu og verkstjórn.
- Umhverfismarkmið.
- Viðbragðsáætlun um bráðamengun hafs og stranda.
- Skil skráninga.
- Svæðið skoðað.

Árið 2016 var magn urðaðs úrgangs á Kópaskeri 568,1 tonn sem er 13,6 % fram úr leyfilegu magni í gildandi starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Rekstraraðila var bent á að sækja um breytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar. Það er ekki vog við urðunarstaðinn á Kópaskeri og byggja þessar tölur því á áætluðum þyngdum. Mögulegt er að tölurnar séu of- eða vanmetnar og því væri gott að fá vog í bílanna sem losa úrgang á staðnum en aðeins einn aðili sem er með umsjón með staðnum í verktöku losar úrgang á staðnum. Þó stendur til að bjóða út umsjón með urðunarstöðum sveitarfélagsins í einu lagi á næsta ári. Töluvert er uðrað af fiskúrgangi á svæðinu og inniheldur hann oft mikið vatn rætt var um hvort hægt væri að gera kröfur á þá sem skila inn slíkum úrgangi að pressa úr honum vökva. Það sama gæti einnig átt við slátur úrgang sem berst til urðunar á Kópaskeri. Minnt er á að skv. gr. 1.2 í starfsleyfi er óheimilt að urða spilliefni, fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða annan úrgang sem talinn er upp í 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Girðing er í kringum svæðið en hún þarfnast lagfæringar á nokkrum stöðum. Læst hlið er inn á svæðið. Góð verkstjórn er á staðnum og aðeins einn aðili sem losar úrgang á svæðinu. Opnir gámar eru utan svæðisins þar sem utan að komandi aðilar geta losað brotajárn en það kemur fyrir að annað efni en brotajárn sé sett í gámana.

Umhverfismarkmið fyrir urðunarstaðinn á Kópaskeri hafa ekki borist Umhverfisstofnun en þau áttu að vera klár í 1. mars 2016, verið er að vinna að gerð þeirra. Jafnframt er verið að vinna að gerð viðbragðsáætlunar vegna bráðamengunar hafs og stranda en hún var ekki aðgengileg eftirlitsaðila.

Farið var yfir skil á skráningum en Umhverfisstofnun hafa einungis borist magntölur úrgangs og niðurstöður eftirlitsmælinga en aðrar skráningar hafa ekki borist.

Svæðið var nokkuð snyrtilegt á að líta en mikill sandur er á svæðinu sem er gott yfirlagsefni. Aðeins er af faratækjum er geymt á svæðinu sem eiga að fara í brotajárn. Urðunarreinin sem er opin er ekki stór og lítið að sjá ofan í henni.

Frávík frá

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Lýsing á frávíki

Skv. gr. 1.2. í starfsleyfi er leyfilegt að urða 500 tonn af úrgangi á ári á urðunarstaðnum en í fyrra voru urðuð 568,1 tonn. Rekstraraðila er bent á að óska eftir breytingu á starfsleyfi hvað úrgangsmagn varðar, eða takmarka móttöku úrgangs á svæðið

skv. gildandi starfsleyfi. Óheimilt er að taka á móti meira úrgangsmagni en kveðið er á um í starfsleyfi.

Gr. 2.1 í starfsleyfi

Skv. gr. 2.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili setja sér umhverfismarkmið fyrir 1. mars 2016. Umhverfismarkmið voru ekki til staðar við eftirlit og hafa ekki verið send eftirlitsaðila.

Gr. 2.1 í starfsleyfi

Girðing sem er í kringum svæðið er í ólagi á nokkrum stöðum en skv. gr. 2.1 í starfsleyfi skal svæðið vera afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Í núverandi ástandi þjónar girðingin ekki tilgangi sínum.

Gr. 2.4 í starfsleyfi

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs- og stranda var ekki aðgengileg eftirlitsaðila og hefur ekki verið send eftirlitsaðila. Samkvæmt gr. 2.4 í starfsleyfi skal rekstraraðili gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda vegna starfseminnar og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Viðbragðsáætlunin skal vera tiltæk starfsmönnum og aðgengileg eftirlitsaðila.

Gr. 5.4 og 5.1 í starfsleyfi

Skv. gr. 5.4 í starfsleyfi skal rekstraraðili skila niðurstöðum skráninga fyrir 1. maí ár hvert fyrir undan gengið almanaksár. Umhverfisstofnun hafa ekki borist allar þær skráningar sem rekstraraðila á að skila inn og taldar eru upp í gr. 5.1. í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.07.2017


Steinunn Karlsdóttir